

Dagskrá fundar.

Ytra mat - kynning á verkferlum
Samþykkt skóladagatal
Önnur mál er tengjast skólastarfinu.

Mættir: Ingibjörg Inga, Hrund Malín, Gróa Erla, Sæunn Elfa, Halldóra, Auður, Kristbjörg, Fanney Lísá, Daníel Fannar. Helgi Björn gat ekki mætt.

1. Mál -Ytra mat. Ingibjörg Inga gerði grein fyrir því að skólinn yrði tekinn út í ytra mat. Farið er eftir ákveðnum verkferlum við matið sem er eins fyrir alla skóla sem fá úttekt. Einhverjir fulltrúar úr skólaráði verða kallaðir til í rýnihóp. Myndaðir verða ýmsir rýnihópar og er hver deild skólans skoðuð. Tveir einstaklingar frá menntamálaráðuneytinu munu sjá um úttektina. Skýrsla frá þeim á síðan að liggja fyrir í vor og skólinn þarf síðan að gera umbótaáætlun í takt við niðurstöður. Matið mun fara fram í 4.-6. og 16.-17. apríl. Ýmis gögn verða kölluð inn frá skólanum 1. mars. Og ber skólastjóri ábyrgð á að senda það sem til þarf.

Þeir þættir sem skoðaðir verða eru:

Stjórnun

- Stjórnandi sem leiðtogi
- Stjórnun stofnuninnar
- Faglegt samstarf
- Skólaþróun
- Stefnumótun og skipulag

- Starfsáætlun/skólanámskrá
- Verklagsreglur og áætlanir
- Samskipi heimilis og skóla
- Skólaráð og foreldrafélag
- Þátttaka foreldra í skólastarfi

Nám og kennsla

- Nám og námsaðstæður – inntak og árangur
- Kennsluhættir og gæði kennslu
- Námsaðlögun og nám við hæfi
- Þátttaka og ábyrgð nemenda
- Áætlun um sérkennslu og stuðning
- Námsvísar /námsáætlanir

Innra mat

- Framkvæmd innra mats
- Innra mat markmiðsbundið
- Innra mat byggt á traustum og fjölbreyttum upplýsingum
- Innra mat samstarfsmiðað og byggir það á lýðræðislegum vinnubrögðum
- Innra mat umbótamiðað

Allir samþykkir því í skólaráði að það sé gott að fá úttekt á skólann með það að markmiði að sett sé undir ljósið það sem þarf að gera betur, ekki síður að vita um það sem vel er gert og að úttektin verði skólanum og öllu skólastarfinu til framdráttar.

2. - mál

Skóladagatal fyrri árið **2018-2019** borið upp til samþykktar. Ósk hafði komið fram um að telja ein skóladag tvöfaldan nemendadag þar sem nemendur eru við nám sem svarar tveimur skóladögum og tengist það menningarferð/námsferð yngri nemenda og árshátíðardögum unglingadeilda. Einnig var farið yfir staðsetningu tveggja skipulagsdaga í dagatalinu. Með því eru nemendadagar 180 eins og lög gera ráð fyrir. Áhersla lögð á að skóla sé lokið fyrir hvítasunnu.

Með þessum áherslum samþykkir skólaráð skóladagatalið.

Farið var fram á breytingu á skóladagatali **2017-2018** og tengist síðustu dögum skólans í vor. Breytingin snýr að því að færa til síðasta kennsludag og skólaslitadag um einn þannig að kennarar og starfsfólk skólans getir farið í námsferð saman í vor til Toronto í Kanada á starfsdögum 5–8 júní. 180 nemendadagar halda sér, en breytingin felst aðalega í breytingu á starfsdögum kennara.

Skólaráð er samþykkt þessu og undirritaði tillögur og umsögn er varðar þessi tvö mál er snúa að skóladagatölunum. Tillögurnar er sendar eru til fræðslunefndar sem mun taka þær til umfjöllunar við samþykkt skóladagatals þriðjudaginn 20.02 “18.

Önnur mál.

Almennt finnst fulltrúum skólahaldið ganga vel, alltaf næg verkefni innan skóla til að takast á við. Nemendafulltrúar sáttir og það sama á við foreldrafulltrúa.

Fleira ekki fyrir tekið og fundi slitið.